

REGLUGERÐ

um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

1. gr.

Ákvörðun og markmið.

Með vísan til 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997 hefur heilbrigðisráðherra ákveðið, að fenginni tillögu sóttvarnalæknis og í samráði við ríkisstjórnina, að setja á tímabundna takmörkun á samkomum eftir því sem nánar greinir í reglugerð þessari.

Markmið takmörkunarinnar er að hægja eins og unnt er á útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins.

2. gr.

Gildissvið.

Takmörkun á samkomum tekur gildi 5. október 2020 og gildir til og með 19. október 2020.

Stjórnvöld endurmeta þörf á takmörkuninni eftir því sem efni standa til, þ.e. hvort unnt sé að aflétta henni fyrir eða hvort þörf sé á að framlengja gildistíma hennar.

Takmörkun á samkomum tekur til landsins alls.

Reglugerðin tekur hvorki til alþjóðaflugvalla og -hafna né til loftfara og skipa í millilandaferðum.

Ákvæði 3. og 4. gr. reglugerðar þessarar um fjöldatakmörkun, nálægðartakmörkun og grímskyldu taka ekki til barna sem eru fædd árið 2005 og síðar.

Reglugerð þessi tekur ekki til skólustarfs sem fjallað er um í sérstakri reglugerð um takmörkun skólustarfs.

3. gr.

Fjöldatakmörkun.

Í takmörkun á samkomum felst að fjöldasamkomur eru óheimilar á gildistíma þessarar reglugerðar. Með fjöldasamkomum er átt við það þegar fleiri en 20 einstaklingar koma saman, hvort sem er í opinberum rýmum eða einkarýmum. Er þá meðal annars vísað til:

- a. Ráðstefna, málþinga, útifunda o.þ.h.
- b. Kennslu, fyrirlestra og prófahalds.
- c. Skemmtana, svo sem tónleika, menningarviðburða, leiksýninga, bíósýninga, íþróttaviðburða og einkasamkvæma, sbr. þó 5. gr.
- d. Kirkjuathafna hvers konar, svo sem vegna giftinga og ferminga, og annarra trúarsamkoma, sbr. þó 4. mgr.
- e. Annarra sambærilegra viðburða með fleiri en 20 einstaklingum.

Enn fremur skal tryggt á öllum vinnustöðum og í allri starfsemi að ekki séu á sama tíma fleiri en 20 einstaklingar inni í sama rými. Tryggja skal að ekki sé samgangur milli rýma.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er verslunum heimilt að hafa allt að 100 manns inni í einu að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði 4. gr. Þá er verslunum sem eru yfir 1.000 m² að stærð heimilt að hleypa til viðbótar einum viðskiptavinum inn fyrir hverja 10 m² umfram 1.000 m², þó að hámarki 200 viðskiptavinum alls.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er allt að 50 einstaklingum heimilt að vera viðstaddir útfarir.

Fjöldatakmörkanir 1. og 2. mgr. gilda ekki um almenningssamgöngur, hóp bifreiðar, innanlandsflug, farþegaferjur og störf viðbragðsaðila, svo sem lögreglu, slökkviliðs, hjálparliðs almanna- og heilbrigðisstarfsfólks. Enn fremur gildir ákvæðið ekki um störf Alþingis og þegar dómstólar fara með dómvald sitt.

4. gr.

Almenn nálægðartakmörkun.

Á samkomum, öllum vinnustöðum og í allri annarri starfsemi, meðal annars þeirri sem talin er upp í 3. gr., skal tryggja að hægt sé að hafa a.m.k. 1 metra á milli einstaklinga sem ekki eru í nánnum tengslum.

Í starfsemi sem eðlis síns vegna krefst meiri nálægðar en kveðið er á um í 1. mgr., svo sem í heilbrigðisþjónustu, á hárgreiðslustofum, nuddstofum, innanlandsflugi og -ferjum, leigubifreiðum, hóp bifreiðum og í almenningsamgöngum skal nota andlitsgrímu sem hylur nef og munn þar sem 1 metra fjarlægð milli einstaklinga verður ekki við komið. Andlitsgrímur sem notaðar eru utan heilbrigðisþjónustu skulu uppfylla kröfur sem fram koma í vinnustofusamþykkt evrópsku staðla-samtakanna (CEN). Sóttvarnalæknir getur sett nánari leiðbeiningar um kröfur til andlitsgríma samkvæmt ákvæði þessu.

5. gr.

Nálægðartakmörkun í íþróttum, sviðslistum o.fl.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 4. gr. um 1 metra nálægðartakmörkun eru snertingar heimilar milli íþróttafólks á æfingum og í keppnum. Aftur á móti skal virða 1 metra nálægðartakmörkun í búning-sklefum og á öðrum svæðum utan keppni og æfinga. Þrátt fyrir fjöldatakmörkanir 3. gr. er allt að 50 einstaklingum heimilt að koma saman á æfingum og í keppnum.

Aðrir, meðal annars þjálfarar, starfsmenn og sjálfbóðaliðar, skulu ávallt gæta að nálægðar-takmörkunum skv. 1. mgr. 4. gr.

Óheimilt er að hafa áhorfendur á íþróttaviðburðum innandyra. Heimilt er að hafa áhorfendur á íþróttaviðburðum utandyra að uppfylltum sömu skilyrðum og í 7. mgr.

Keppnisáhöld skulu sóttþreinsuð eftir hverja notkun eins og kostur er með hliðsjón af eðli íþróttarinnar.

Íþrótt- og ólympíusamband Íslands setur sérsamböndum reglur, svo sem um einstaklings-bundnar sóttvarnir og sóttþreinsun búnaðar, um framkvæmd æfinga og keppna í sínum greinum í samvinnu við sóttvarnalækni.

Í íþróttum sem ekki tilheyra Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands skal setja leiðbeiningar eða fylgja sömu leiðbeiningum og gilda um sambærilegar íþróttir innan sambandsins.

Með sama hætti og í íþróttum eru snertingar og nálægð undir 1 metra heimil í sviðslistum, tónlist, við kvikmyndatöku og sambærilegri starfsemi. Þar sem sérstök smithætta er fyrir hendi, svo sem á kóræfingum, skal þó eftir fremsta megni gætt að ákvæði 1. mgr. 4. gr. og eftir atvikum viðhöfð meiri fjarlægð, ef það er unnt. Þrátt fyrir fjöldatakmörkanir 3. gr. er heimilt að hafa allt að 50 einstaklinga á sviði og 100 gesti í hverju rými á viðburðum, sbr. þó 3. mgr., að því gefnu að allir gestir sitji í númeruðum sætum sem skráð eru á nafn. Gestir skulu nota andlitsgrímur sem uppfylla kröfur 2. mgr. 4. gr. og eru í samræmi við leiðbeiningar sóttvarnalæknis.

6. gr.

Takmarkanir á starfsemi vegna sérstakrar smithættu.

Skemmtistöðum og krám, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 1277/2016, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, og spilasölum skal lokað frá gildistöku reglugerðarinnar. Þá skulu aðrir veitinga-staðir þar sem heimilaðar eru áfengisveitingar ekki hafa opið lengur en til kl. 23.00 alla daga vikunnar og fylgja ákvæðum 3. og 4. gr.

Í þeim tilvikum þar sem fleiri tegundir veitingastaða eru skráðar í rekstrarleyfi er heimilt að starfa áfram í samræmi við aðrar tegundir en kveðið er á um í 1. mgr. með þeim takmörkunum sem kveðið er á um í reglugerð þessari.

Ekki er heimilt að veita tímabundið leyfi fyrir skemmtunum, svo sem tónleikum, dansleikjum, brennum eða öðrum viðburðum sem ætla má að dragi að sér hóp fólks eftir kl. 23.00.

Húsnæði líkamsræktarstöðva skal vera lokað almenningi.

Í starfsemi þar sem notaður er sameiginlegur búnaður, svo sem í íþróttastarfi skal búnaður sótt-hreinsaður eftir hverja notkun.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. um fjöldatakmörkun má gestafjöldi á sund- og baðstöðum aldrei vera meiri en helmingur af leyfilegum hámarksfjölda gesta samkvæmt starfsleyfi. Sé hámarksfjöldi gesta ekki skráður í starfsleyfi skal miða gestafjölda við helming þess fjölda sem fataskiptirými gerir ráð fyrir. Börn fædd árið 2005 og síðar eru ekki talin með í gestafjölda. Sóttvarnalæknir gefur út nánari leiðbeiningar um sund- og baðstaði vegna COVID-19. Ákvæði þetta tekur einnig til baðstaða í náttúrunni eftir því sem við á.

7. gr.

Hjúkrunarheimili og aðrar heilbrigðisstofnanir.

Heilbrigðisstofnanir, hjúkrunarheimili og aðrar sambærilegar stofnanir skulu setja sér reglur um starfsemi sína, svo sem varðandi heimsóknir utanaðkomandi að heimilunum og stofnununum.

8. gr.

Þrif og sóttþreinsun almenningsrýma.

Í öllum verslunum, opinberum byggingum og á öðrum stöðum innandyra þar sem umgangur fólks er nokkur skal þrifa eins oft og unnt er, sérstaklega algenga snertifleti. Auk þess skal minna almenning og starfsmenn á einstaklingsbundnar sóttvarnir, svo sem munnlega, með merkingum eða skiltum.

Við alla innganga skal tryggja aðgang að sóttþreinsandi vökva fyrir hendur og eins víða um rými og talin er þörf á, meðal annars við afgreiðslukassa og innkaupakerrur í verslunum.

9. gr.

Undanþágu.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá takmörkun á samkomum vegna samfélagslega ómissandi innviða sem mega ekki stöðvast, svo sem á sviði raforku, fjarskipta, samgangna, sorphirðu, heilbrigðisstarfsemi, löggæslu, sjúkraflutninga, hjálparliðs almannavarna eða slökkviliða. Hið sama á við vegna kerfislega og efnahagslega mikilvægrar starfsemi, svo sem til að tryggja fæðuöryggi, dreifingu nauðsynjavara eða efnahagslegt öryggi ríkisins með útflutningi. Enn fremur getur ráðherra veitt undanþágu vegna starfa Alþingis, dómstóla og stjórnslu.

Við veitingu undanþága skal leitast við að grípa til annarra aðgerða þannig að gætt sé að smitvörnum eins og kostur er.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, tekur gildi eftir því sem mælt er fyrir um í 2. gr. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 864/2020, um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, með síðari breytingum.

Heilbrigðisráðuneytinu, 4. október 2020.

F. h. r.

Ásta Valdimarsdóttir.

Ásthildur Knútsdóttir.